

Hvolsskóli

Guri Hilstad Ólason

Auður Fr. Halldórsdóttir

Ólafur Elí Magnússon

Pálína Björk Jónsdóttir

og Maren Guðmundsdóttir

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Skólaárið 2017-2018

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur umbóta í skólastarfi.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 2 |
| 1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2015-2018 | 3 |
| 1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta..... | 4 |
| 1.2 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur | 6 |
| 1.3 Foreldrakönnun | 8 |
| 1.4 Samræmd könnunarpróf skólaárið 2016 til 2017 | 10 |
| 2. Skipulag kennslu á elsta stigi | 15 |
| 3. Mat ritara og starfsfólks skólaskjóls á líðan, starfsaðstöðu o.fl. | 18 |
| 4. Mat húsvaðar, ræstingar- og mótuneytisstarfsfólks á líðan starfsaðstöðu o.fl. | 19 |
| 5. Samstarf leik- og grunnskóla..... | 20 |
| 6. Uppgjörsdagar að vori 2017 | 21 |
| 6.1. Grunnþættir menntunar. | 21 |
| 6.1.1. Heilbrigði og velferð í Hvolsskóla | 21 |
| 6.1.2. Jafnrétti | 21 |
| 6.1.3. Lýðræði og mannréttindi..... | 22 |
| 6.1.4. Læsi..... | 23 |
| 6.1.5. Sjálfbærni..... | 24 |
| 6.1.6. Sköpun..... | 25 |
| 6.1.7. Sjálfsmynd nemenda | 26 |
| 7. Úrbótaáætlun | 27 |
| 7.1 Úrbætur unnar á skólaárinu 2016-2017 | 27 |
| 7.2 Úrbótaáætlun veturinn 2017-2018 | 30 |
| Að lokum..... | 32 |

Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2016 – 2017 var skipaður Guri Hilstad Ólason formanni hópsins (tók við í janúar 2017), Pálínu Björk Jónsdóttur, Ólafi Elí Magnússyni, Auði Friðgerði Halldórsdóttur og Sigurlaugu Maren Guðmundsdóttur. Fundað var eftir þörfum og gekk samstarf hópsins vel. Studdist hópurinn við skýrslur fyrri ára og ágætlega gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annað hvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti Sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Keypt var þjónusta frá Skólapúlsinum og sá það fyrirtæki um nemendakönnun í 6.-10. bekk og foreldrakönnun. Fjórar kannanir voru framkvæmdar í rýnihópum en það voru; skipulag náms á elsta stigi og skipulag starfs í skólaskjóli og einnig var fundað með ræstingarstarfsfólki og starfsfólki í mötuneytinu. Að lokum var uppgjör á skólastarfi á vordögum en þá var rýnt í grunnþætti menntunar auk sjálfsmynd nemenda.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu.

Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Sjálfsmatsskýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunn gögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns.

1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2015-2018

| 2016-2017 | 2017-2018 | 2018-2019 | tími |
|--|---|---|---|
| Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti | Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti | Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti | September Spurningalistar á pappír <i>Allir nemendur</i> |
| Samræmd próf í 4. og 7. bekk | Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk | Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk | September |
| Námsvísar Hvolsskóla | Skólanámskrá Hvolsskóla Almennur hluti | | Desember <i>Farið yfir hvort áherslur séu metnar í könnunum vetrarins</i> |
| Námskrá skólans Skipulag náms á elsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl. | Námskrá skólans Skipulag náms á miðstigi, námsmat, sérkennsla o.fl. | Námskrá skólans Skipulag náms á yngsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl. | Janúar <i>Rýnihópar</i> |
| Mat starfsfólks utan stiga á líðan, starfsaðstöðu o.fl. | | | Febrúar <i>Rýnihópur</i> |
| 6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum | 6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum | 6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum | Sept-maí <i>Skólapúls</i> |
| Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla | Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla | Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla | Janúar <i>Myndrænir spurningalistar</i> |
| Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna | Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl. | Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna | Janúar <i>Spurningalisti frá sjálfsm.hóp</i> |
| Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða, o.fl. | | | Janúar <i>Skólapúls</i> |

| | | | |
|--|---|---|---|
| Samræmd próf í 9. og 10. bekk | | | apríl |
| Samstarf við leikskólann | Samstarf við leikskólann | | Febrúar Rýnihópur |
| Mat á skólaárinu 2016 – 2017 með hliðsjón af grunnþáttum menntunar | Mat á skólaárinu 2017 – 2018 Með hliðsjón af „Skóla án aðgreiningar“, einstaklingsmiðunar | Mat á skólaárinu 2018-2019 þar sem áhersla er lögð á verkefni skólans s.s. UTÁ/ART, heilsueflandi skóli, skóli á grænni grein, GEO park skóli | Maí Uppgjör, rýnihópar <i>Allt starfsfólk skólans</i> |

Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2016-2017.

1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

1.1 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum, 2. og 4. bekkur

Matstæki: Einföld könnun var lögð fyrir á pappíriformi í febrúar 2017. Allir nemendur svöruðu eða 100%.

Viðmið: Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar að undanskildum spurningum er varða stríðni, en stríðni er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 96 % nemenda líður vel/ágætlega í skólanum
- 96 % nemenda líður vel/ágætlega í frímínútum
- 96 % nemenda líður vel/ágætlega þegar þau fara í skólann.
- 96 % nemenda líður vel/ágætlega á leiðinni í skólann.
- 100 % nemenda á vini í bekknum.

- ➔ 100 % nemenda finnst gaman/stundum gaman í skólanum, (aðeins 4.bekkur fékk spurninguna).
- ➔ 94 % nemenda segja að kennararnir komi vel fram við sig. Aðeins tveir nemendur eða 6% sögðu kennararnir koma stundum vel fram við sig. Þetta er mjög jákvæð breyting frá fyrra ári þar sem 25% nemenda sagði að kennararnir kæmu stundum eða ekki vel fram við sig.
- ➔ 96% nemenda finnst rétt/stundum rétt að hlýða kennurunum.
- ➔ 93% nemenda líkar maturinn vel/ágætlega.
- ➔ 87% nemenda líður vel í matsalnum.
- ➔ 100% nemenda líður vel/ágætlega í íþróttum og sundi
- ➔ 94% nemenda líður vel/ágætlega í búningsklefanum í íþróttahúsinu. Hækkar um 4% á milli ára en þó svo að viðmiðum sé náð þá eru það engu að síður 6% nemenda sem líður illa í búningsklefanum.
- ➔ 97% nemenda líður vel/ágætlega í smiðjum.
- ➔ 94% þeirra nemenda sem eru í skólabílum líður vel/ágætlega.
- ➔ 85% þeirra nemenda sem eru í Skjóli líður vel/ágætlega.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 32 % nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum. Þetta hefur lækkað um 18% frá því í fyrra. 7 % nemenda finnst gaman/stundum gaman að stríða öðrum krökkum.
- 10% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 64 % nemenda telur að það sé stundum vinnufriður. Einungis 26% nemenda telur að það sé vinnufriður í bekknum sínum. Það þarf að vera vakandi fyrir þeim þáttum sem orsaka hávaða og truflanir á vinnusvæðinu. Vinna er hafin við að loka kennslurýmum að hluta.
- 20 % nemenda líður stundum eða aldrei vel í bekknum sínum. Þetta þarf að skoða nánar, komast að hvað veldur og bæta líðan. Góð líðan er stór þáttur í námsárangri.

Nemendur voru spurðir hvað er skemmtilegast að læra í skólanum.

Stærðfræði og íþróttir voru langvinsælust en á sama hátt var stærðfræðin erfiðust.

Það að hitta krakkana var skemmtilegast við að vera í skóla. Þeim finnst ekkert vanta í skólann. Krakkarnir ætla að verða bændur, vísindamenn, hestakonur,

hárgreiðslukonur, dýralæknar, söngkonur, fimleikastjörnur, lögga, vinna með hesta, vinna í leikskóla og vinna í N1.

Lengri frímínútur var ósk hjá einum nemenda.

1.2 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir með jöfnu millibili yfir veturinn, handahófskennt úrtak úr öllum nemendum 6.-10. bekkjar.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærrí en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður:

- ➡ Nemendur Hvolsskóla hafa ánægju af lestri
 - Hvolsskóli 5,1 – landið 4,9
- ➡ Tiðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar
 - Hvolsskóli 47,5% - landið 41,7%
- ➡ 94% nemenda í Hvolsskóla telja sig hafa marga góða eiginleika
- ➡ Dæmi um jákvæðar upplifanir nemenda:
 - Allir eru vinir
 - Að maður hafi fína kennara og góðan mat
 - Finnst gaman í íþróttum líkar vel við kennarana og hitta vini mína
 - Förum í langt sumarfrí
 - Gott bókasafn
 - Góðir kennarar góðir vinir ekkert einelti
 - Við fáum fría ávexti, hollan mat og það er bara gaman í skólanum.
 - Það er lítið af nemendum og maður þekkir alla
 - Kennarar reyna sitt besta til að láta okkur líða vel sem er mjög gott. Við fáum líka tækifæri til að skapa og hugsa ein

Dæmi um neikvæðar niðurstöður:

- Nemendur í Hvolsskóla hafa litla trú á eigin námsgetu

- Hvolsskóli 3,8 – Landið 5,0
- Nemendur í Hvolsskóla finnst þeir hafa litla stjórn á eigin lífi.
 - Hvolsskóli 4,2 – Landið 4,9
- Nemendum í Hvolsskóla líður ekki nógu vel
 - Hvolsskóli 4,4 – Landið 4,9
- Nemendur í Hvolsskóla telja sig verða fyrir einelti
 - Hvolsskóli 5,6 – Landið 5,2
- Tíðni eineltis í Hvolsskóla er hærra en landsmeðaltal
 - Hvolsskóli 13% - Landið 11,6%
- Nemendur í Hvolsskóla telja að ekki ríki agi í kennslutímum
 - Hvolsskóli 4,4 – Landið 5,1
- Nemendur í Hvolsskóla taka ekki virkan þátt í kennslustundum
 - Hvolsskóli 4,4 – Landið 5,2
- Nemendur telja heimavinnu ekki mikilvæga í náminu
 - Hvolsskóli 4 – Landið 4,8
- Dæmi um neikvæðar upplifanir nemenda:
 - Það þarf að hlusta á krakkana meira
 - Hávaði í tíma
 - Kennarar meiga sína meiri virðingu og metnað við kennslu (þetta á alls ekki við alla) maturinn er ekki góður
 - Strákar fá meiri tækifæri í leikfimi
 - Sumum krökkum líður illa, sumir krakkar eru lagðir í einelti, það eru nokkrir krakkar sem stríða og kennararnir geta verið soldið reiðir
 - Maturinn gæti verið betri
 - Kennarar leiti meira til nemenda um aðferðir á kennslufni. Nemendur taki tillit til annarra nemenda.
 - Það eru alltof mikla klíkur á milli nemenda. Kennararnir reyna að laga það en það gengur ekki oft sem best. Námsefnið er oft erfitt og erfitt að fá þá hjálp og útskýringar sem þú þarft. Erfitt að finna einhvern kennara til að treysta fyrir sínum vandamálum. Skólinn er líka mjög lengi að redda öllu. Skólinn tekur heldur ekki nógu oft alvarlega á vandamálum hjá og milli krakkana og fer oft vitlausar leiðir.

1.3 Foreldrakönnun

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í febrúar 2017.

60 foreldrar af 83 í úrtakinu svöruðu könnuninni eða 72,3 % .

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærri en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn og eru sambærilegir að stærð, með 1-320 nemendur í 1.-10.bekk. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ Ánægja foreldra með stjórnun skólans. Hvolsskóli 91,4% - landið 90,5%
- ➔ Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda. Hvolsskóli 89,5 % – landið 87,3%
- ➔ Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra. Hvolsskóli 8,3% - landið 8,9%
- ➔ Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans. Hvolsskóli 80 % - landið 79,4 %
- ➔ Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili. Hvolsskóli 78.3% - landið 44,1 %
- ➔ Notkun á mötuneyti. Hvolsskóli 100% - landið 86,1 %.
- ➔ Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur. Hvolsskóli 58,9 % - landið 56,7 %
- ➔ Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina. Hvolsskóli 62,3 % - landið 60,4 %.
- ➔ Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra. Hvolsskóli 89,3 % - landið 82,4%
- ➔ Ánægja foreldra með heimasíðu skólans. Hvolsskóli 89,5 – landið 82,4 %
- ➔ Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá. Hvolsskóli 74,6 % - landið 72,2 %
- ➔ Hæfileg heimavinna að mati foreldra. Hvolsskóli 74,1 % -Landið 71,5 %
- ➔ Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi. Hvolsskóli 5,3 en landið 5,0
- ➔ Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrá að mati foreldra. Hvolsskóli 5,1 og landið 5,1
- ➔ Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum. Hvolsskóli 5,5 en landið 5,3

- Ánægja foreldra með tómstundarþjónustu/frístundaheimili. Hvolsskóli 4,9 en landið 4,8.
- Virkni foreldra í námi barna sinna. Hvolsskóli 5,1 en landið 5,0
- Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið. Hvolsskóli 4,9 en landið 4,8
- Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu. Hvolsskóli 4,6 en landið 4,4

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra. Hvolsskóli 79,7 % - landið 84% .
- Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra. Hvolsskóli 62,5% - landið 77,6%.
- Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt. Hvolsskóli 88,3 – landið 92,3%.
- Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt. Hvolsskóli 88,3 – landið 91.8 %.
- Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt. Hvolsskóli 85 % - landið 90,8 %.
- Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum. Hvolsskóli 28,6 % - landið 60,7 %
- Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum. Hvolsskóli 28,6% - landið 56.9 %. (þ.e. 4 af þeim 14 sem telja að barnið hafi orðið fyrir einelti. Þetta er í engu samræmi við umfang eineltismála sem vísað er til eineltisteymis).
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti. Hvolsskóli 67,8 % -landið 69 %
- Ánægja með síðasta foreldraviðtal. Hvolsskóli 91,7 % - landið 94 %
- Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum. Hvolsskóli 48,2 % - landið 53,5 %
- Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám (15 mín eða meira á dag). Hvolsskóli 50,9 % - landið 55,5 %
- Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns. Hvolsskóli 64,3 % - landið 77,4 %
- Ánægja foreldra barna í Hvolsskóla með nám og kennslu 4,5 en landið 5,1.
- Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur 4,4 en landið 4,7.

- Meðaltímabil eineltis að mati foreldra 1,5 ár en landið 1,3 ár.

Dæmi um opin svör foreldra. Hvað þykir þér gott við skólann þinn?

- Er ánægð með starfsfólk og aðstöðu skólans á flest allan hátt.
- Fjölbreytt verklegt starf, eins og tónmennt og smiðjurnar.
- Góður umsjónakennari, snyrtilegur skóli.
- Jákvæðni, samvinna
- Starfsfólk, heitur matur í hádegismat, námið, íþróttirnar, samfellan. Heilt yfir er ég mjög ánægð með skólann og starfið þar.

Dæmi um opin svör foreldra: Hvað þykir þér að megi betur fara í skólanum.

- Að leyfa einstaklingum að vera þeir sjálfir, ekki steypa alla í sama mót.
- Finnst skólastofurnar á yngsta stigi vera glataðar. Alltof mikið opið á milli. Þegar fjöldin í hverjum bekk er komin yfir 20 þá á að skipta bekknum í tvo hópa.
- Hafa betra næði í skólastofunni, aðskilja stofurnar betur, láta foreldra oftara vita um upptökur hjá barni ef eitthvað er að.
- Koma meira til móts við bráðger og hraðvirk börn í námi.
- Langir dagar þegar samfellan er meðtalin og skólaakstur.
- Meiri agi og betur tekið á agavandamálum. Meiri samskipti heim og upplýsingar um framvindu náms að frumkvæði kennara.
- Þjálfra félagsfærni nemenda betur.

1.4 Samræmd könnunarpróf skólaárið 2016 til 2017

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendum í 4. og 7. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði.

Í 9. og 10 bekk var samræmt könnunarpróf 9. og 10. mars 2017. Prófað var í íslensku, stærðfræði og ensku.

Matstæki: Próf frá Menntamálastofnun.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Mikilvægt er að skólinn vinni áfram með einstaka þætti íslenskuprófsins til frekari framfara hjá nemendum. Unnið verði bæði einstaklingslega og á bekkjarvís. Skipulag kennslu í skólanum er vel til þess fallið þegar um er að ræða kennslu í fámennum hópum með góða mönnun.

Hér á eftir eru niðurstöður Hvolsskóla.

4. bekkur: Í ár eru 17 nemendur í fjórða bekk Hvolsskóla og af þeim tóku allir íslensku – og stærðfræðiprófið.

Meðaltal Hvolsskóla í íslensku er 5,85

| | Íslenska | Lestur | Málnotkun | Ritun |
|------------|----------|--------|-----------|-------|
| Einkunn | 5,85 | 6,12 | 5,29 | 5,24 |
| Raðeinkunn | 58,88 | 57,88 | 48,18 | 65,65 |

Raðeinkunn sýnir stöðuna þannig að 58,88 % nemenda í 4. bekk á landinu eru jafnháir eða lægri en nemendur í 4. bekk í Hvolsskóla.

Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði er 6,65

| | Stærðfræði | Reikningsaðgerðir | Rúmfræði | Tölur |
|------------|------------|-------------------|----------|-------|
| Einkunn | 6,56 | 7,15 | 6,85 | 4,94 |
| Raðeinkunn | 61,94 | 59,41 | 61,24 | 57,71 |

Raðeinkunn sýnir stöðuna þannig að 61,94 % nemenda í 4. bekk á landinu eru jafnháir eða lægri en nemendur í 4. bekk í Hvolsskóla.

7. bekkur:

Í ár eru 23 nemendur í sjöunda bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 19 íslenskuprófið eða 86,36%. Undanþágu höfðu 3 nemendur. Einkunnir þeirra reiknast inn í meðaltal sem einkunnin 0.0 Einn nemandi bættist við í bekkinn eftir að samræmdu prófin voru yfirstaðin.

| | Íslenska | Lestur | Málnotkun | Ritun |
|------------|----------|--------|-----------|-------|
| Einkunn | 5,16 | 5,27 | 5,45 | 4,45 |
| Raðeinkunn | 41,05 | 40,09 | 44,64 | 38,45 |

Raðeinkunn sýnir stöðuna þannig að 41,05 % nemenda í 7. bekk á landinu eru jafnháir eða lægri en nemendur í 7. bekk í Hvolsskóla.

19 nemendur tóku stærðfræðiprófið eða 86,36%. Undanþágu höfðu 3 nemendur. Einkunnir þeirra reiknast inn í meðaltal sem einkunnin 0.0 Einn nemandi bættist við í bekkinn eftir að samræmdu prófin voru yfirstaðin.

| | Stærðfræði | Reikningsaðferðir | Tölfræði | Rúmfræði |
|------------|------------|-------------------|----------|----------|
| Einkunn | 5,36 | 5,36 | 5,82 | 4,84 |
| Raðeinkunn | 48,5 | 46,36 | 50,73 | 48,27 |

Raðeinkunn sýnir stöðuna þannig að 41,05 % nemenda í 7. bekk á landinu eru jafnháir eða lægri en nemendur í 7. bekk í Hvolsskóla.

9. og 10. bekkur:

Haustið 2013 voru niðurstöður í samræmdu prófi í stærðfræði 10. bekkjar settar fram með nýjum einkunnakvarða og haustið 2015 eru niðurstöður úr íslensku, stærðfræði og ensku settar fram með sama hætti. Gefnar eru því hæfniseinkunnir í bókstöfum, A, B, C, og D og að baki bókstöfunum standa lýsingar á hæfni nemanda í Aðalnámskrá og á vefsíðu Menntamálastofnunar. Við gerð hæfniseinkunnar er stuðst við lýsingar á hæfni nemanda sem eru við mörk þeirra hæfnisflokka sem Aðalnámskrá skilgreinir. Í sept. 2015 voru svo gerðar viðbætur þar sem bætt var inn hæfniseinkunnunum B+ og C+ við námsmatskvarðann.

Þær einkunnir lýsa hæfni nemenda sem náð hafa að hluta til viðmiðum sem lýst er í aðalnámskránni. Ekki eru útbúin ný matsviðmið heldur er einkunnin B+ notuð þegar hæfni nemenda er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B, þ.e. nemandi hefur náð öllum viðmiðum einkunnarinnar B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. Sama á við um einkunnina C+. Þar hefur nemandi náð að hluta til þeim viðmiðum sem einkunnin B kveður á um en öllum viðmiðum einkunnarinnar C.

Námsmatskvarði

- A. Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi.
- B+
- B. Góð hæfni og frammistaða í námi.

C+

C. Sæmileg hæfni og frammistaða í námi.

D. Hæfni og frammistaða í námi ábótavant.

Í ár varð sú breyting að bæði 10. og 9. bekkur tóku samræmt próf. Prófið fór fram 9. og 10. mars en eftirleiðis taka eingöngu 9. bekkingar samræmt próf að vori. Íslenskuprófið og fyrri hluti enskuprófsins fóru fram þann 9. mars og seinni hluti enskuprófsins og stærðfræðiprófsins fóru fram þann 10. mars. Athyglivert að hafa tvö próf sama dag og síðan strax sama fyrirkomulag daginn eftir.

10. bekkur

25 nemendur voru í tíunda bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 21 íslenskuprófið.

22 nemendur tóku stærðfræðiprófið og 20 nemendur tóku enskuprófið.

Einkunnir þeirra nemenda sem ekki taka próf reiknast inn í meðaltal sem einkunnin D.

Hlutfall einkunna útgefið af Menntamálastofnun frá árinu 2015

Hlutföll hæfniseinkunna í íslensku útgefið 2015 gerir ráð fyrir að að A fái 7,8% nemenda, B+ fái 5,1%, B fái 45,2%, C+ fái 9,8%, C fái 23,9%, og D fái 1,7%.

Hlutföll hæfniseinkunna í stærðfræði útgefið 2015 gerir ráð fyrir að að A fái 7,2% nemenda, B+ fái 5,9%, B fái 44,9%, C+ fái 7,5%, C fái 21,1%, og D fái 3,2%.

Hlutföll hæfniseinkunna í ensku útgefið 2015 gerir ráð fyrir að A fái 8,1% nemenda, B+ fái 6,3%, B fái 48,7%, C+ fái 9,8%, C fái 23,9%, og D fái 1,7%.

Niðurstöður Hvolsskóla í íslensku í 10. bekk:

A fengu 4 % nemenda, þ.e. 1 nem.

B+ fengu 16 % nem., þ.e. 4 nem.

B fengu 16 % nemenda þ.e. 4 nem.

C+ fengu 16 % þ.e. 4 nem.

C fengu 32 % nemenda þ.e. 8 nem.

D fengu 16 % nemenda þ.e. 4 nem.

(einungis þeir sem ekki tóku próf fengu D)

Niðurstöður Hvolsskóla í stærðfræði í 10. bekk:

- A fengu 8 % nemenda, þ.e. 2 nem.
 - B+ fengu 8 % þ.e. 2 nem.
 - B fengu 44 % nemenda, þ.e. 11 nem.
 - C+ fengu 8 % nem. þ.e. 2 nem.
 - C fengu 20 % nemenda, þ.e. 5 nem.
 - D fengu 12 % nemenda, þ.e. 3 nem.
- (einungis þeir sem ekki tóku próf fengu D)

Niðurstöður Hvolsskóla í ensku í 10.bekki:

- A fengu 8 % nemenda þ.e. 2 nem.
 - B+ fengu 8 % þ.e. 2 nem.
 - B fengu 12 % þ.e. 3 nem.
 - C+ fengu 4 % nem. þ.e. 1 nem.
 - C fengu 36 % nem., þ.e. 9 nem.
 - D fengu 32 % nem., þ.e. 8 nem.
- (af þeim 8 sem fá D tóku 5 nemendur ekki prófið)

9. bekkur

18 nemendur eru í níunda bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 13 íslenskuprófið.

13 nemendur tóku stærðfræðiprófið.

13 nemendur tóku enskuprófið.

Reiknað er með samskonar útfærslu og hjá 10 bekk.

Niðurstöður Hvolsskóla í íslensku í 9. bekk:

- A fengu 5,55 % nemenda, þ.e. 1 nem.
 - B+ fengu 16,67 % nem., þ.e. 3 nem.
 - B fengu 22,22 % nemenda þ.e. 4 nem.
 - C+ fengu 5,55 % þ.e. 1 nem.
 - C fengu 16,67 % nemenda þ.e. 3 nem.
 - D fengu 33,33 % nemenda þ.e. 6 nem.
- (af þeim 6 sem fá D tóku 5 nemendur ekki prófið)

Niðurstöður Hvolsskóla í stærðfræði í 9. bekk:

- A fengu 0 % nemenda, þ.e. 0 nem.
 - B+ fengu 0 % þ.e. 0 nem.
 - B fengu 38,89 % nemenda, þ.e. 7 nem.
 - C+ fengu 0 % nem. þ.e. 0 nem.
 - C fengu 27,78 % nemenda, þ.e. 5 nem.
 - D fengu 33,33 % nemenda, þ.e. 6 nem.
- (af þeim 6 sem fá D tóku 5 nemendur ekki prófið)

Niðurstöður Hvolsskóla í ensku í 9. bekk:

- A fengu 0 % nemenda þ.e. 0 nem.
 - B+ fengu 11,11% þ.e. 2 nem.
 - B fengu 22,22 % þ.e. 4 nem.
 - C+ fengu 5,55% nem. þ.e. 1 nem.
 - C fengu 33,33 % nem., þ.e. 6 nem.
 - D fengu 27,78 % nem., þ.e. 5 nem.
- (enginn þeirra sem fékk D tók prófið)

2. Skipulag kennslu á elsta stigi

Tveir fundir voru haldnir með starfsfólki á elsta stigi þar sem rýnt var í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá umræðuramma sem unninn var af sjálfsmatshópnum en formaður hópsins stjórnaði umræðum. Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Kennsluhættir

Almennt er stuðst við fjölbreytta kennsluhætti og má sem dæmi nefna töflukennslu spjall/umræður, leitarnám og hópavinnu. Mismunandi er á milli nemendahópa hvað hentar best og hversu vel kennsla tekst. Kennarar nota einnig upplýsingatækni í kennslu eins og t.d. myndbönd og glósur á netinu. Nemendur virðast margir hverjir eiga erfitt með að meðtaka töflukennslu og einnig virðast þeir eiga erfitt með að vinna sjálfstætt án leiðsagnar og eftirlits

kennara. Talsverð umræða varð um úthald nemenda og ástæða þess að þeir virðst ekki hafa þrautseigju og metnað til að halda út vinnu í kennslustundum.

Námsframboð

Varðandi námsframboð var umræða um valið á elsta stigi og var samhljómur um að það þarf að endurskipuleggja valið þar sem æskilegt væri að bjóða upp á áfanga sem ekki þegar eru í boði í skólanum eða utan skóla s.s. í samfellustarfinu. Einnig töldu fundarmenn mikilvægt að skipuleggja valframboð að vori til og að allir kennarar sem kenna valáfanga væru meðvitaðir um hvaða valáfanga þeir eiga að kenna á næsta skólaári áður en þeir fara í sumarfrí. Æskilegt væri að halda fund að vori til þar sem ákveðnir yrðu valáfangar fyrir næsta skólaár. Einnig þarf að skoða betur fyrirkomulagið varðandi val utan skóla og tryggja að það myndist ekki gat í stundatöflu nemenda og að foreldrar geri sér grein fyrir hvað val utan skóla felur í sér. Einnig þarf að skoða vel hvað það er sem nemendur fá metið sem val utan skóla.

Sérkennsla

Mikil þörf er fyrir sérkennslu á elsta stigi og einnig að hún tryggi sem bestan árangur. Sérkennsla er ekki einungis mikilvæg á þeim sviðum þar sem nemendur eiga erfitt en einnig er mikilvægt að nemendur fái möguleika til að styrkja sig á sviðum þar sem þeir eru sterkir. Til dæmis er hægt að leyfa nemendum að endurtaka þær smiðjur þar sem þeir ná góðum árangri og sleppa smiðjum þar sem þeir hafa litlar sem engar forsendur fyrir að ná góðum árangri. Mikilvægt er að það haldist stöðugleiki í sérkennslu en mikið hefur borið á að kennslan hefur verið felld niður vegna fundarsetu sérkennara. Einnig hefur það haft áhrif á kennsluna að sérkennari hefur ekki átt stofu til að vera í stóran hluta af skólaárinu. Hugmynd kom upp um að það væri æskilegt að sérkennari ætti vinnuaðstöðu á vinnurými starfsfólks á stiginu til að auðvelda samskipti og upplýsingaflæði.

Mikilvægt er að allir kennarar hafa upplýsingar um hvenær nemendur fara úr tíma til þess að fara í tónlistartíma og einnig þegar stuðningsfulltrúar mæta ekki í tíma vegna fundarsetu.

Námsvísir og kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir standast misvel en telja starfsmenn á stiginu það ekki vera stórkostlegt vandamál. Uppbrot og endurtekningar á námsefni geta haft í för með sér að kennsluáætlanir raskast lítillega. Nemendur halda áætlanir misvel og var umræða um hvort álagið sé of mikið. Fáir kennarar skoða námsvísana í upphafi hvers skólaárs og er nokkuð ljóst að það þarf að endurskoða þá og huga að samræmi á milli námsvísa og kennsluáætlana.

Agastjórnun

Að mati starfsfólks á stiginu vantar úrræði fyrir nemendur sem vilja ekki sinna náminu sínu og sem eyðileggja fyrir þeim nemendum sem vilja sinna náminu sínu. Námsver þar sem nemendur geta unnið í litlum hópum undir leiðsögn sérkennara/kennara er dæmi um slíkt úrræði. Mikilvægt er þá að námsverið sé mannað og að það verði ekki eins konar „ruslakista“. Námsver getur líka nýst þeim nemendum sem vilja sinna náminu sínu og afburðanemendum. Eins og áður hefur komið fram, vantar húsnæði á elsta stigi fyrir námsver og sérkennslu. Það er fámennur hópur nemenda sem vilja ekki sinna náminu sínu og mikilvægt er að grípa inn í snemma á skólagöngu nemandans.

ART/UTÁ

ART er kennt í öllum bekkjum á elsta stigi og mikilvægt er að halda því til streitu. Það væri gott fyrir þá sem hafa ekki sótt ART námskeið að fá verklega kennslu frá ART teyminu til þess að nálgast efnið frekar.

Skólareglur og viðurlög við brot á þeim

Mikilvægt er að geta vísað í skólareglur við agabrot og vangaveltur voru um hvort skólareglurnar séu of teygjanlegar og að það getur gert það erfitt að vísa í reglurnar.

Símanotkun

Mikilvægt er að starfsmenn skólans kenni nemendum ábyrgja notkun á snjallsíma og hefur símanotkun nemenda í kennslustundum oft truflandi áhrif. Almenn ánægja var með símalausan desember og hugmyndir voru um hvort skólinn eigi að hafa símalaus tímabil inn á milli. Einnig var rætt um hvort matsalurinn eigi að vera símalaus þar sem það telst til almennra borðsiða að vera ekki í símanum við matarborðið.

Tölvubúnaður

Tölvubúnaður skólans er kominn til ára sinna en nokkur endurnýjun hefur átt sér stað sl. ár. Fartölvur kennara eru margar orðnar lélegar og einnig er tölvubúnaður í tónmenntarstofunni lélegur. Það eru smarttöflur í öllum stofum á elsta stigi en þær eru mest megnis notaðar sem sýningartjald. Ekki hafa allir starfsmenn fengið kennslu í notkun þeirra og er þörf fyrir námskeið í notkun smarttaflna. Það væri kannski verkefni fyrir tölvunefndina að halda utan um kennslu á tæknibúnaði fyrir starfsfólkið.

Kennslurými

Það vantar auka kennslurými á elsta stigi þar sem hægt væri að fara með minni hópa og fyrir sérkennslu. Rýmið við tónlistarskólann er mikið notað og einnig bókasafnið. Gott væri að hafa aðgang að fjarfundarstofunni. Sérkennari er núna með aðstöðu í geymslurými við matsalinn.

Húsgögn í kennslustofum eru orðin lúin og að mati starfsfólks þarf að endurnýja borð og stóla í stofunum. Stólarnir eru óþægilegir og óhentugir. Einnig vantar stóla fyrir starfsfólk í stofunum.

Í tónmenntarstofunni þarf að endurnýja píanó þar sem að þau sem eru þar eru orðin gömul og fölsk.

3. Mat ritara og starfsfólks skólaskjólís á líðan, starfsaðstöðu o.fl.

Einn fundur var haldinn með ritara og starfsfólki í skólaskjólinu þar sem rýnt var í aðbúnað, starfsumhverfi og líðan. Til grundvallar lá umræðuramma sem unninn var af sjálfsmatshópnum en formaður hópsins stjórnaði umræðum. Umræður og niðurstöður af fundinum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Aðbúnaður

Tölvubúnaður starfsfólks er kominn til ára sinna og þarf að endurnýja tölvurnar. Einnig er sjónvarpið á yngsta stigið ónýtt og getur skjólið ekki notað það þegar til stendur að horfa á mynd. Skjólið hefur hins vegar aðgang að sjónvarpi á miðstiginu á föstudögum. Allir starfsmenn hafa aðgang að tölvupósti. Búið er að endurnýja tölvubúnað á yngsta stigi og geta nemendur notað þær tölvur í starfi.

Keypt var Knex legó í haust og einnig voru keyptar nokkrar dúkkur í fyrra en með auknum fjölda barna í skjólinu fylgir aukinn þörf fyrir leikföng. Einnig eru til sippubönd og sandleikföng til þess að hafa úti. Starfsfólkið lýsir eftir fjölbreyttara útileiksvæði fyrir aldurshópinn eins og til dæmis sparkvegg, körfuboltakörfur, bílar, sandkassar, smíðadót o.fl. Einnig var spurt hvort það væri búið að taka ákvörðun varðandi nýjan kastala.

Það voru 64 börn skráð í skjólinu í febrúar og er það mikil aukning frá því í fyrra. Það eru of fáir starfsmenn þegar öll 64 börnin eru í skjólinu að mati starfsfólksins. Samfellustarfið hefur

einnig mikil áhrif á starf skjólsins og einnig finnst starfsfólkinu erfitt að halda utan um breytingar á vist og samfellustarfinu.

Starfsumhverfi

Að mati starfsfólks skjólsins er starfsumhverfið þeirra ekki hvetjandi. Skólaskjólíð hefur ekki eigið húsnæði og starfsemi fer því fram í kennslustofum skólans. Erfitt er að þurfa alltaf að sækja allt dót og efni í geymslu í upphafi og að ganga frá því í lok dags og væri gott að geta haft „sérhæfðar“ stofur þar sem mætti vera leikföng og þess háttar. Einnig talar starfsfólkið um samskiptavanda á milli kennara og skjólstarfsmanna þar sem kennari hefur kvartað undan umgengni í skólarýminu. Starfsfólkið lýsir yfir ánægju með lausn á málum sem hafa komið upp sl. ár eins og til dæmis kaffitími barnanna og föndur í stofu 8.

Starfsfólk skjólsins segjast finnast skjólíð vera eins konar olnbogabarn í skólaumhverfinu og það hefur neikvæð áhrif á starfsgetu og –móral. Starfsmenn segjast einng finna fyrir álagi þegar það vantar starfsmenn í vinnu.

Mikill hávaði er í skjólinu og hefur það einnig áhrif á starfsumhverfið. Ritari segist finnast vera þínu berskjaldaðir og mundi gjarnan vilja getað lokað meira að sér.

Endurmenntun.

Starfsfólk skjólsins hefur sótt fyrirlestra á árinu og er ánægt með tækifæri til endurmenntunar. Heimsóknir í öðrum skólum geta einnig nýst vel. Ritari skólans er í námi og segist hann vera mjög ánægður með tækifæri til endurmenntunar.

Líðan

Almennt er líðan starfsmanna góð en þeir lýsa vanlíðan og vanmátt gagnvart því sem listað er upp undir „starfsumhverfi“. Starfsfólk bendir jafnframt á að yfirleitt er gott aðgengi að stjórnendum og tekið hefur verið á ýmsum málum sem hafa komið upp en betur má ef duga skal. Starfsmenn benda á mikilvægi þess að ræða málin ef eitthvað bjátar á.

4. Mat húsvaðar, ræstingar- og mötuneytisstarfsfólks á líðan starfsaðstöðu o.fl.

Einn fundur var haldinn með ræstingastarfsfólki, húsverði og starfsfólki í eldhúsinu þar sem rýnt var í aðbúnað, starfsumhverfi og líðan. Til grundvallar lá umræðuramma sem unninn var

af sjálfsmatshópnum en formaður hópsins stjórnaði umræðum. Umræður og niðurstöður af fundinum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Tæknibúnaður

Allir starfsmenn hafa aðgang að tölvupósti en segjast vera misduglegir að nota hann. Þegar fundurinn var haldinn stóð til að breyta uppröðun í eldhúsinu og voru allir sammála um að það myndi léttu vinnuálagið þar. Tæki og tól til ræstingar voru almennt í lagi.

Starfsumhverfi

Almennt var ánægja með starfsumhverfið og voru starfsmenn sammála um að skólaárið 2016-2017 hefur gengið betur en árið 2015-2016. Starfsmenn mötuneytis segja að maturinn fari batnandi og þá minna um kvartanir frá nemendum og starfsfólki skólans. Hins vegar vill starfsfólkið gjarnan hafa meiri áhrif á matseðil skólans en það hefur núna. Starfsfólk mötuneytisins hefur sótt námskeið og farið í skólaheimsóknir og var almenn ánægja með það.

Hávaði í matsalnum hefur neikvæð áhrif á starfsumhverfið og óskar starfsfólkið eftir því að það verði gerðar mælingar á hávaða á matartíma.

Starfsfólkið segist finna að það hefur áhrif á starfsumhverfi en lýsir jafnframt óánægju með stjórnarsýslu þar sem allar framkvæmdir ganga frekar hægt. Oft þarf að ítreka allar beiðnir um úrbætur og lagfæringar. Einnig voru allir sammála um nauðsyn þess að leysa vandamál tengd fiskikörunum sem ætluð eru fyrir lífrænan úrgang skólans. Starfsfólkið lýsir yfir ófremdarástandi og er hætt að nota fiskikörin þar sem lyktin er óbærileg. Rusl skólans er því ekki flokkað. Einnig bendir ræstingarstarfsfólkið á að umgengni í kennslustofum er ekki nógu góð.

Líðan

Líðan er góð.

5. Samstarf leik- og grunnskóla

Spurningarlisti var sendur út til þátttakenda samstarfsins. Svarhlutfall var mjög lágt og telur sjálfsmatshópur niðurstöður ekki marktækar. Svörin sem bárust munu hins vegar liggja til grundvallar þegar gerður verður umræðuramma fyrir rýnifund í febrúar 2018.

6. Uppgjörsdagar að vori 2017

Á uppgjörstegi þann 30. maí var öllum starfsmönnum skipt niður í sex hópa og fólk valdi sig inn á 2 hópa eftir áhuga. Hver hópur ræddi einn grunnþátt menntunar. Eftir hádegi var sjálfsmynd nemenda til umræðu.

6.1. Grunnþættir menntunar.

6.1.1. Heilbrigði og velferð í Hvolsskóla

Heilsueflandi skóli. Hafragrautur og ávextir í áttina. Tannheilsa og matur er það sem á að taka fyrir fyrst. Markmiðið að taka fyrir tvö atriði á ári í samstarfi með leikskólanum. Fjallgöngur, skólaferðalög og útikennsla liður í heilbrigði barnanna.

Óæskilegt að hafa skóla og skjól á sama stað. Erfitt fyrir börn að greina þar á milli. Truflandi áhrif á starfsumhverfi kennara og starfsmanna. Lengd viðvera í skóla kallar á meira uppbrot og fjölbreytt starf. Löng fjarvera fyrir börn sem búa langt frá.

Nauðsynlegt að skoða útikennsluna og auka á hverju stigi, markmið, fyrir hvern, til hvers?

Ýmislegt verið unnið í skólanum, en þarf þó mun meira rými t.d. með mannréttindasáttmálann, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, jóga, slökun og leikræna tjáningu, grímur, tónlist.

Nútímavandinn m.a. símanotkun og vanlíðan en flestra tilfinning er að augin símamening auki á kvíða og vanlíðan barna. Kvíði er stóraukið vandamál. Vinna áfram og fylgja niðurstöðum á sírabanni Hvolsskóla sem virtist heppnast vel. Athuga með námskeið eða fyrirlestra um net- og snjalltækjafíkn sem og öðru sem snýr að heilbrigði. Á elsta stigi er mikið val í íþróttum. Stendur til að vinna í félagsstörfum í vali. Til er mikið af góðu og hæfileikaríku starfsfólki með mismunandi sérsvið og þekkingu, gæta þarf að þess að aðgengi sé gott að þessu fagfólki. Vangaveltur um markmið og viðveru hjúkrunarfræðings. Tímasetning viðveru afleit fyrir kennara.

6.1.2. Jafnrétti

Samfellan er jafnrétti fyrir alla. Sveitabörn sitja við sama borð og þorpabörn hvað varðar æfingatíma og að komast heim með skólabílum í lok dags. Skjólið er fyrir alla, óháð búsetu.

Einstaklingsmiðað nám. Hugað er að stöðu hvers og eins nemanda. Efniskostnaður er á yngsta- og miðstigi og sér skólinn um efniskaup. Ávextir, hafragrautur, mjólk í boði fyrir alla

að kostnaðarlausu. Allir hafa aðgang að mötuneyti og er kostnaði þar haldið í lágmarki.

Jafnrétti þarf að kenna! Opna fyrir umræður um jafnrétti, bæði hjá nemendum og í starfsmannahópnum. Gæta þess að uppfæra kaflann um jafnrétti í námskrá Hvolsskóla. Unnið er með jafnrétti í þjóðfélagsfræði í 10.bekk, hægt að setja í val á elsta stigi, tekið fyrir í kynjafræði, samfélagsfræði hjá miðstigi og elsta stigi. Á yngsta stig er hægt að fara yfir og nota barnasáttmálann, ART er á öllum stigum. Mikilvægt er að kenna kynjafræði á öllum stigum. Sjónræna áminningu á veggjum og gólfum, þarf markvissa hugmyndavinnu með kennurum til að hafa jafnrétti sýnilegt og alltaf opið. Gæta að orðræðunni. Hvernig við tölum við börnin, er jafnrétti í orðræðu okkar? Erum við að tala jafnt eða álíka við foreldra, mömmu og pabba? Er jafnréttisáætlun virk í Hvolsskóla og hvernig tölum við starfsfólk hvert við annað.

Kostur á yfirvinnu. Hafa allir sama kost á yfirvinnu t.d. gæslu á böllum, skólaferðalög, spurning um ferðalög sem bera kostnað fyrir foreldra. s.s. Danmörk, er það hefð eða vilja þetta allir?

6.1.3. Lýðræði og mannréttindi

Leyfa nemendum að taka meiri þátt í vali á þema og slíku. Það gæti skapað meiri ánægju meðal nemenda. Reynt er að koma lýðræði við á öllum stigum að einhverju leyti. Elsta stig: Nemendur fá að taka þátt í ákvörðun um hvenær próf eru lögð fyrir. Þurfum að ala börn upp í að hafa skoðun og láta þau skilja að þeirra rödd skiptir máli.

Mannréttindi: erum við að sinna skyldu okkar að fræða þau um mannréttindi? Einn vetur voru tekin fyrir heimsmarkmiðin og svo er barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna ræddur inn á milli. Réttindi og skyldur vegna símamála en það er sérstaklega á elsta stigi.

„Mitt og þitt hlutverk“ þ.e. hlutverk nemenda og hlutverk starfsmanna. Gæta að hópaskiptingum svo allar raddir fái hljómgrunn. Nemendasáttmáli ætti að koma inn á þessa þætti þar sem rödd allra fær að hljóma (meirihluti). Bent á að í Hvolsskóla er unnið eftir UTÁ og ART og þar gefst gott tækifæri að vinna með þessa grunnþætti.

Nemendaráð er á elsta stigi en það mætti skýra betur hvert hlutverk þess er. Bent á ræðukeppni á elsta stigi þar sem allir eiga að mynda sér skoðun á efni og þurfa að flytja ræðu.

Er of mikil áhersla lögð á keppni í Hvolsskóla? Sumum finnst ekki gott að vera í keppni. Hægt að vera með verkefni t.d. power point kynningu þar sem allir eiga að koma fram en ekki

keppni. Jafnvel hægt að vera með kynjaskipt en það virðist trufla suma þegar það er blöndun og eru þá hræddir við að koma fram. Hægt væri að vera með almenna kynningu á frávikum því það gæti hjálpað öðrum nemendum að skilja hegðun annarra.

6.1.4. Læsi

Fengum góðan fyrirlestur í haust um læsi frá Brynhildi Þórarinsdóttur. Kveikti margar hugmyndir og það urðu grundvallarbreytingar hjá mörgum. Yngsta stig: setti upp hillur með lestrarvegg og það mikið notað. Gott fyrir foreldra að heyra Brynhildi tala um mikilvægi lesturs.

Yngsta stig: Lesið er a.m.k. 4 daga vikunnar, þau látin lesa og kvittað fyrir. Lestrarátak Ævars og bókarýniverkefni tekið fyrir og völdu nemendur bestu bækurnar. Í 1. bekk er taska sem fyllt er á einu sinni í mánuði og þau geta tekið úr. Gestabók er eitt verkefnið, en þá koma þau með upphaldsbók að heiman og lána öðrum. Skrifað til læsis notað en þá er unnið í Word skjal, skrifað um eitthvað og búnað til bækur. Á yngsta stigi eru hugmyndir upp á vegg um byrjun á sögum sem krakkarnir geta nýtt sér við sögugerð. Tekið var læsisþema í vor. Reglulega er lesið upphátt fyrir þau.

Miðstig: Lestur er 4 sinnum í viku og kvittað fyrir. Stundum eru tekin tímabil þar sem 3-4 lesa saman í hóp einhverja ákveðna sögu eða bók, t.d. Mýrina og svo horft á mynd. Stundum er nemendum leyft að fara á annan stað t.d. tveir og tveir og lesa saman. Aðeins er verið að lesa upphátt fyrir þau.

Elsta stig: 8.bekkur hefur lesið 4 sinnum í viku og kvittað fyrir. Byrjað var með lestrarátak fyrir páska og svo haldið áfram. Þau skráðu bækurnar sem þau lásu á pappír og settu á vegg. Það eru bókasafnstímar í 8.bekk þar sem unnin eru verkefni um lestur og texta t.d. ritun og verkefni lesin upp. Lesið er upphátt úr bók fyrir þau. Stundum eru börn að lesa fyrir börn. Settar hafa verið upp hillur hjá ritara, sem og á öll stig. Mikilvægt að kennarar finni leiðir til að lestur virki.

Sumir hafa verið með bókaskýrslu og þá þurfa þau að skila af sér um bókina. Á öllum stigum er lesið í öðrum námsgreinum og lesið í umhverfið. Þau lesa stundatöflur, á gólfíð og ýmislegt annað sem þarf að lesa. Hugmynd um að setja upp lista með vinsælustu bókunum til að aðstoða þau sem eiga erfitt með að velja sér bók. Þurfum að vera með lestrarstundir í öllum árgöngum og helst kvitta fyrir.

Á bókasafni er hvatt til sumarlesturs. Gott er að tengja kvikmynd og bók saman og sýna þeim.

Mikilvægt þegar verið er að lesa upphátt að grípa einstök orð og kanna hvort þau skilji og ræða þau. Tala um falleg orð eða ljót orð, andheiti og samheiti og fleira. Það er vont þegar börn eru spurð hvort þau eru læs.....hvað er að vera læs? Við þurfum að láta þau vita að við erum enn að læra að lesa þó við séum tæknilega komin með lestrartæknina. Hægt að vera með lestrarmarabon og leyfa að vera í náttfötum og með popp og þá eru allir nemendur skólans í því sama.

Á Degi íslenskrar tungu er mikið unnið með lestur. Njála lesin af 10. bekk, ljóðalestur, tónlistarflutningur þar sem texti er fluttur. Litabækurnar eru nýjar bækur frá skólavefnum með texta og spurningum. Hægt að fara með bekk af miðstigi á leikskólann og lesa fyrir þau.

Hægt er að vera með með uppbrot á föstudögum til dæmis einu sinni í mánuði og láta krakka lesa fyrir leikskólabörnin. Hægt að fá hressa eldri borgara til að lesa fyrir börn í Skjóli. Sagt frá hugmynd úr skóla á Íslandi, en það er að fá kennara sem eru komnir á eftirlaun til að hlusta á nemendur á yngsta stigi.

6.1.5. Sjálfbærni

Stefna á meiri og nákvæmari flokkun. Bæta pappír flokkun, fara betur yfir hvernig sett er í kassana og innleiða réttu handtökin betur á stigum. Bæta við plastflokkun. Setja ílát inn á hvert stig og vinnurými. Athuga með liti. Mikil vinna og heilmikið uppeldi sem því fylgir. Þurfum að virkja samfélagið. Læra af öðrum, sjá hvernig aðrir gera í kringum okkur. Umhverfisnefndin þarf að leiða þá vinnu. Innlögn í bekkjum og meðal starfsfólks hvað og hvernig á að gera. Matarsorp við skólann þarf að færa í betra horf. Þarf umsjónarmanneskju sem ber ábyrgð? Greinilega erfiðleikum bundið fyrir sveitafélagið að þrifa þetta. Þarf kannski að fara aðrar leiðir, t.d. að urða strax svo það jarðgerist sjálfkrafa. Mikið ferli í kringum þetta og þarf að finna einhverja raunhæfa leið sem virkar. Ormatilraunin á yngsta stigi er að virka vel en er aðeins fyrir ávaxtahýði og eggjaskurn. Þarf lítinn hóp af starfsfólki sem hefur virkilega áhuga á að koma þessu í gott lag.

Taka upp umsjónarmannskerfið gamla eins og í 6. bekk og þá eiga þeir að losa pappír og þess háttar. Þarf að uppfæra grænánanefndina/umhverfisnefndina, gera meðlimi ábyrgari við að uppfæra o.þ.h. Kynning þarf að vera betri, eitthvað skriflegt svo nemendur geti komið þessu frá sér.

Náttúran, vistkerfið: ferðalögin góð, jöklaferðir, Þjórsárdalur, vistheimtaverkefni Berjanesi. Nemendur sjá svart á hvítu hvernig þetta virkar. Leggja áherslu á hvað vatnið er gott og að við

verðum að huga vel að vatnsbólunum okkar til framtíðar.

Efnahagslegur þáttur: skilningur á okkar eigin vistsporum. Fjármálalæsi, sóun, eyðsla, hvað þurfum við? Þurfum að huga vel að jörðinni og virkja nemendur/starfsfólk í hugsun um þeirra eigin vistspor. Loftslagsbreytingar, flóð... gott veður.. hvaða áhrif hefur þetta svo til lengri tíma litið?

Þurfum að „sá fræum“, svo nemendur/starfsfólk átti sig á hlutunum og smám saman ná þau að ná góðri umræðu og gott að eiga þessi samtöl við þau. Tengja þessa umræðu við flestar greinar. Flétta inn í námið eins og hægt er. Vitundarvakning þarf að fara vel af stað.

6.1.6. Sköpun

Erum við skapandi kennarar, starfsmenn? Hversu mikið er hver starfsmaður að sinna sköpuninni í sínu starfi? Þegar nemendur fara að skapa og gera hlutina sjálf þá finna þau sjálf leiðir. Niðurstaða hópsins að of margir kennarar séu ofurseldir bókum í kennslu og að í heild í skólanum séum við ekki að standa okkur. Þótt þú getir ekki teiknað Óla Prik eða beina línu þá er ekki þar með sagt að þú getir ekki verið skapandi í starfi. Hvað getur þú gert? Taktu uppeldi til ábyrgðar á þetta. Hvar eru bjargir, er hægt að leita til einhverra, er eitthvað á netinu eða t.d. í kennsluaðferðabíblíunni.

Í gamla daga voru handavinnusýningar í skólum, af hverju er það ekki lengur? Mætti ekki hampa verkgreinum betur?

Þarf alltaf að passa upp á jafnrétti skapandi greina á við aðrar. Yfirleitt er skapandi starf mest á yngsta stigi því þar er skilningurinn á leik og skapandi starfi meiri. Meðal annars vegna þess að það er hin eðlilega leið ungra barna að læra í gegnum leik. Einnig er það verkfæri sem börn hafa á þessu mikilvæga stigi í máltöku og þjálfun í fínhyfingum og þroska almennt.

Á miðstigi má ekki gleyma því að börn eru enn börn og hafa gaman af sköpun og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Höldum áfram að skapa, skrifa og leika okkur alla tíð.

Skapandi lína á elsta stigi til að mæta þörfum þeirra, er jákvæður þáttur í skólastarfinu. Þátttaka í Stíl og Samfés og fleiru er mjög jákvætt. Það mætti leita meira út á við til samvinnu og ráðgjafar. Kannski mætti skapa vettvang til víðari samvinnu við t.d. Tónlistarskólann.

Á þemadögum er oft unnið með sköpun og fleira. Þá stöndum við okkur vel en ekki má gleyma því að vera skapandi í öllu skólastarfi, alltaf. Það kemur flestum á óvart hversu börn eru getumikil í að skapa sjálf, leika sér og læra án 100% stýringar. Stjörnufólkið sem vill hafa

allt undir stjórn þarf að læra að færa hluta af valdinu til barnanna og vera þannig meira leiðandi og styrkjandi fyrir sjálfsmynd þeirra. Það þarf að efla áhuga og sjálfstraust kennara í skapandi starfi. Vídeóupptökur, ljósmyndun, leiklist og fleira hefur komið inn í kennslu á öllum stigum.

Það má t.d. mæta í búning við hæfi þegar verið er að kenna Íslandssögu og setja sig þannig í spor sögunnar. Í annan tíma gætu kennarar og börn mætt í búningum í vinnuna, staðið á höndum við verkefni eða jafnvel taka kennsludag uppá þaki. Að vera skapandi snýst ekki bara um Óla Prik heldur um okkur öll.

6.1.7. Sjálfsmynd nemenda

Hvernig eflum við trú nemenda á eigin getu þegar þeir hafa fyrir augum endalausar glansmyndir, samanburð og keppni. Við þurfum að gæta okkur á samanburðaruppeldinu og tileinka okkur uppeldi til ábyrgðar. Finna leiðir til að vinna með vanda nemenda og ef ein aðferð virkar ekki þá þarf skapandi lausnir og aðrar aðferðir. Kenna samskipti og jafningjagagnrýni. Það er að þau þjálfist skref fyrir skref í að byggja sig upp og gera eðlilegar kröfur til sín og annarra.

Á miðstigi er unnið með samvinnupróf og í litlum hópum sem hentar mörgum vel. Við þurfum að smita áhuga yfir til krakkanna, það er okkar hlutverk og þá þurfum við að nota fjölbreyttar aðferðir. Margir nemendur eru í þeim sporum að vilja vera komnir á toppinn á fjallinu en nenna ekki að klífa það. Almennt fer of mikil orka í einstaklinga með erfiða hegðun á kostnað hinna.

Í 9. bekk var rætt við nemendur í einstaklingsviðtölum. Farið var yfir veturinn og nemendur hvattir til að setja sér markmið og rætt um leiðir til að ná markmiðum. Væri hægt að nota þessa aðferð jafnvel niður í 1.bekk? Á sumum heimilum er baklandið ekki mikið og hvernig væri hægt að bregðast við því?

Erum við að hrósa nóg og rétt? Þau svara í könnun að við séum ekki að hrósa þeim þannig að við verðum að láta vita af því þegar við hrósum hvort sem það er tengt náminu eða félagslegt. Einnig er hægt að vera hvetjandi án þess að hrósa endilega. Krökkum sem líður vel eiga auðveldara með að læra og þess vegna þurfum við að reyna að stefna að því að láta öllum líði vel. Í flestum bekkjum eru svokallaðir trúðar, sem mikil orka fer í á kostnað hinna. Er gott að taka þá út og þá missa þeir af eða hvernig er best að gera það? Hvernig líður öðrum nemendum að vinna með þeim? Jákvæð samskipti eru mikilvæg og það að gera mistök er í

lagi.

Í ART er unnið með sjálfsmynd, umræður um hvað einstaklingur er góður í og hvar hann getur bætt sig. Enginn getur verið góður í öllu. Við verðum að vinna allsstaðar með gömu gildin, jákvæð samskipti, hrós, mega gera mistök og fá hjálp að leysa úr þeim. Muna að fordæma hegðunina en ekki einstaklinginn, t.d að nota ekki setningar sem byrja á; þú ert alltaf..... þú getur aldrei. Við þurfum saman að skapa streitulaust umhverfi þar sem einstaklingarnir eru tilbúnir til að líta í eigin barm og skoða framkomu sína við aðra.

7. Úrbótaáætlun

Innra mat felst ekki einungis í að afla gagna heldur á matið að leiða til úrbóta á skólastarfinu. Niðurstöðurnar þurfa því að liggja til grundvallar þegar úrbætur eru skilgreindar og skipulagðar í úrbótaáætlun. Í úrbótaáætlun kemur fram hvaða þættir þarfnast úrbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hverjir eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni, hvenær hún kemst í framkvæmd og hvenær á að meta árangur.

Í þessari skýrslu koma fram niðurstöður gagnaöflunar skólaársins 2016-2017 og eru tífundaðar bæði jákvæðar og neikvæðar niðurstöður.

7.1 Úrbætur unnar á skólaárinu 2016-2017

Einelti

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Þar sem virðist vera ósamræmi milli niðurstaðna í könnunum og tilkynninga til eineltisteymisins þarf að skýra línur og fara í skilgreininguna á því hvað einelti er. Setja formála í spurningar í kannanir þar sem spurt er út í einelti. Einnig að spyrja nemendur hvort þeir hafi kynnt sér eineltisáætlunina sbr. samskonar spurningu í foreldrakönnuninni. *Vísad á sjálfsmatshóp.*

Skoða samhengið milli þess prósentuhlutfalls sem hefur ekki kynnt sér eineltisáætlun og þeirra sem segja að um einelti sé að ræða. *Vísad á sjálfsmatshóp og eineltisteymi.*

Úrbætur unnar á árinu:

Rætt í hópunum og vísad áfram til úrbótaáætlunar næsta árs.

Sjálfsmynd

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Nemendur í Hvolsskóla hafa frekar litla trú á eigin getu í námi. Einstaklingsmiðun felst í því að námsefni og kennsluáferðir eru miðaðar að því að hver og einn finni sig ráða við námið og sé með efni við hæfi. Gæta þess að farið sé gaumgæfilega yfir stöðu nemenda, umsjónarkennari/kennari í samstarfi við sérkennara og foreldra og gerð einstaklingsnámskrá. Einnig þarf að skapa nemendum þær aðstæður að þau þori og geti tjáð sig.

Vísad á ábyrgð kennara.

Úrbætur unnar á árinu:

Rætt á uppgjörsdögum maí 2017 og á rýnifundi með starfsfólki á elsta stigi febrúar 2017.

Stríðni

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Hvolsskóli hefur tekið inn ART-kennsluna og er æskilegt að þar sé unnið með þætti tengda stríðni o.þ.h. *Vísad til ART-teymis skólans.*

Stuðla að betri samskiptum milli nemenda t.d. í frímínútum og gera þau ábyrgari fyrir að allir sem vilja séu með sbr. vinaliðar. *Vísad til skólastjórnenda.*

Úrbætur unnar á árinu:

Ágúst 2017 var fundað með starfsmönnum í gæslunni og lagt upp með vinaverkefni sem og í bekkjum.

Framkoma starfsfólks gagnvart nemendum.

Frá fyrri úrbótaáætlun:

fyrir hvern og einn að líta í eigin barm. Gagnkvæm virðing lærist ekki af kennslubókum og er nauðsynlegt að framkoma sé jákvæð í báðar áttir. *Vísad til starfsfólks skólans.*

Úrbætur unnar á árinu:

Tekið fyrir í starfsmannasamtölum vorið 2017.

Mötuneyti

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Unnið er að breytingum með að gera skólann að heilsueflandi skóla. Það gengur því miður hægar en vonir stóðu til. *Vísad til skólastjórnenda.*

Úrbætur unnar á árinu:

Fengin heimild til að bjóða öllum foreldrum í mat sem var gert og almenn ánægja með það. Fundað hefur verið með kokki, matráðum og nemendum um leiðir til úrbóta.

Útikennsla

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Þarf að taka markvissara á leiðum og markmiðum fyrir útikennslu á öllum stigum. Gera samfellu í gegnum allan skólann. *Vísad til skólastjórnenda.*

Úrbætur unnar á árinu:

Starfsmaður hjá okkur vinnur lokaverkefni sitt í kennaranámi í tengslum við útikennslu og skipulag hjá okkur. Samið við hann að verkið snúi að okkur og við fáum að nýta það þegar það er klárt. Stefnir á að ljúka verkefninu haustið 2017.

Samstarf við leikskólann

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Koma þarf á samráðsfundum milli yngsta stigs grunnskólans og elsta stigs leikskólans. Þar yrði farið yfir námsþætti með sérstöku tilliti til lestrarkennslu. *Vísad til skólastjórnenda.*

Úrbætur unnar á árinu:

Búið að hefja vinnu í tengslum við endurskoðun á lestrarkennslu þar sem leikskólinn og grunnskólinn vinna saman.

Samstarf við Skjólíð

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Koma þarf á samráðsfundum milli yngsta stigs og Skjólísins. Þar yrði farið yfir samstarfið og miðlað upplýsingum. *Vísad til skólastjórnenda.*

Úrbætur unnar á árinu:

Rýnifundur með sjálfsmatshópnum og starfsmönnum skólaskjólís.

Lestrarnám

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Gera þarf áttak í lestrarmálum og vera með lestrarkennslu upp allan skólann. Fylgja eftir þeim sem eiga í erfðleikum og vera í mikilli samvinnu við heimilin. Leitast við að bjóða alltaf upp á hraðlestrarnámskeið í vali á elsta stigi. Til er lestrarstefna fyrir yngsta og miðstig og gera þarf samskonar stefnu fyrir elsta stig. *Vísad til skólastjórnenda.*

Úrbætur unnar á árinu:

Læsisráðstefna haldin haustið 2016. Út frá henni hefur verið unnið mikið í tengslum við lestur og læsi og skólaumhverfið gert lestrarhvetjandi. Halda þarf þeirri vinnu áfram. Ný lestrarviðmið líta dagsins ljós haustið 2017.

Tæknibúnaður

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Mikilvægt að endurnýja jafnt og þétt tölvubúnað skólans í samvinnu við tölvunefnd. *Vísad til skólastjóra.*

Úrbætur unnar á árinu:

Endurnýjun hefur átt sér stað á elsta stigi og því yngsta – nýjar borðtölvur á báða staði. Stendur til að bæta við spjaldtölvur fyrir haustið 2017.

Forvarnaráætlun

Frá fyrri úrbótaáætlun:

Gera þarf forvarnaráætlun sýnilega á heimasíðu skólans. *Vísad til skólastjóra.*

Úrbætur unnar á árinu:

Bíðum eftir að forvarnaráætlun sveitarfélagsins birtist en búið er fyrir allnokkru síðan að vinna þessi plögg. Stefnt er á að hafa sama útlit á okkar og er á hinni. Til bráðabirgða er excel skjalið birt á heimasíðu skólans.

7.2 Úrbótaáætlun veturinn 2017-2018

Einelti

13% nemenda í Hvolsskóla segist hafa orðið fyrir einelti á skólaárinu 2016-2017 og er tíðni eineltis í skólanum samkvæmt þessu hærra en á landinu (11%). Áfram þarf að vinna við skilgreiningu á einelti og fræðslu nemenda um einelti. Það þarf að kynna eineltisáætlun skólans fyrir nemendum árlega, einnig verður lögð fyrir könnun um einelti í kringum dag eineltis þann 8. nóvember þar sem spurt verður nánar út í tíðni eineltis og hvort málin hafa verið tikynnt til eineltisteymis. Einnig þarf að kynna eineltisáætlun fyrir foreldrasamfélaginu, þar sem hátt hlutfall foreldra segist vera ósátt við úrvinnslu skólans í eineltismálum.

Vísad á kennara/eineltisteymi.

Sjálfsmynd

Nemendur í Hvolsskóla hafa frekar litla trú á eigin getu í námi. Einstaklingsmiðun felst í því að námsefni og kennsluaðferðir eru miðaðar að því að hver og einn finni sig ráða við námið og sé með efni við hæfi. Gæta þess að farið sé gaumgæfilega yfir stöðu nemenda, umsjónarkennari/kennari í samstarfi við sérkennara og foreldra og gerð einstaklingsnámskrá. Einnig þarf að skapa nemendum þær aðstæður að þeir þori og geti tjáð sig og að gefa þeim tækifæri að styrkja sig með t.d. sjálfstyrkingarnámskeiðum. Standa þarf vörð um sérkennslu og gæta þess að sérkennslutímar og stuðningur falli ekki niður vegna fundarsetu sérkennara. Jákvæð samskipti og skýr mörk stuðla að bættri sjálfsmynd nemenda og þurfa allir starfsmenn skólans að starfa eftir hugmyndafræði UTÁ.

Vísað á ábyrgð allra starfsmanna.

Agi

Farið verður af stað í markvissri vinnu með að innleiða Skýr Mörk alls staðar í skólanum. Starfsmenn lesa leiðbeiningar saman á stigsfundum og aðferðin verður innleidd. Stefnt verður á að allir verkgreinakennarar og starfsmenn sem hafa ekki öðlast ART réttindi fái örnámskeið í ART. Einnig verður haldin sýnikennsla á ART tíma á starfsmannafundi.

Vísað á skólastjóra og ART/UTÁ teymi.

Mötuneyti

Úttekt af mötuneyti Hvolsskóla á vegum starfshóps Heilsueflandi skóla. *Vísað á starfsnefnd Heilsueflandi skóla.* Gera þarf mælingar á hávaða í matsal á matartíma og gera úrbætur ef þörf þykir á.

Vísað til öryggisnefndar skólans.

Samstarf við leikskólann

Rýnifundur í febrúar 2017.

Vísað til sjálfsmatshóps.

Lestrarnám

Ljúka vinnu við lestrarstefnu Hvolsskóla og innleiða hana á öllum stigum. Innleiða daglegar lestrarstundir í öllum bekkjum skólans og fara í sérstakt lestrarátak a.m.k einu sinni á skólaárinu.

Vísað til allra kennara

Tæknibúnaður

Þörf er á að endurnýja tölvubúnað starfsmanna í skólanum. Halda námskeið í notkun Smarttaflna.

Vísað til stjórnenda/tölvunefndar.

Einnig þarf að endurnýja húsbúnað í kennslustofum.

Vísað til skólastjóra.

Útisvæði

Skoða þarf útisvæði skólans með það fyrir augum að gera það að fjölbreyttara leiksvæði þar sem allir geta fundið eitthvað við hæfi.

Vísað til skólastjóra/skólaskjóls

Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2016-2017, kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til úrbóta. Einnig var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2018-2019.

Sjálfsmatshópnum telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu.

Hvolsvelli í september 2017.

f.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Guri Hilstad Ólason, formaður.